



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir á Ísafirði sumarið 2016

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

2017

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2017

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Erlendir gestir á Ísafirði sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Ísafjörður © Visit Westfjords

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-06-2017

ISBN: 978-9935-437-71-6

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Erlendir gestir á Ísafirði sumarið 2016

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2016 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Mývatnssveit, Húsavík, Ísafirði og Stykkishólmi. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Ísafirði.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Bolungarvík útvegaði spyrna.



## EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	7
Dvalarstaður gesta, fyrir og eftir heimsókn	8
Gisting	9
Gistinætur	10
Gistimáti	11
Tilgangur ferðar	12
Ástæða heimsóknar	13
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	14
Uppruni upplýsinga	15
Ferðamáti	16
Skipulag ferðar	17
Dvalarlengd	18
Afþreying og þjónusta	19
Ánægja	20
Útgjöld	21
Athugasemdir	22
Samantekt	23

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einkorðast við erlenda gesti á Ísafirði sumarið 2016. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfelli. Spurningar sem snéru að búsetulandi, aldri, ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á þremur tungumálum, ensku, þýsku og frönsku.

Þátttakendur voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Ísafirði stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld gesta. Þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld gesta sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistiþjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Framkvæmd könnunarinnar tók níu daga. Rannsóknarsvæðið afmarkaðist við Silfurtorg að norðan að Neðstakaupstað að sunnan. Spýrlar gengu um svæðið og óskuðu eftir þátttöku allra erlendra gesta sem urðu á vegi þeirra. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Tímabil framkvæmdar var 2.-27. ágúst. Innan dagsins var könnunin framkvæmd á tímabilinu kl. 9-18. Alls voru 593 erlendir gestir beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 413 þátttöku, eða 70% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 52 ár, hlutfall kvenna var 52% og karla 48%.

Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra gesta sem komu til staðarins eftir kl. 18 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Af þeim níu dögum sem framkvæmd könnunarinnar stóð yfir voru skemmtiferðaskip við höfn í fimm daga. Í ágúst komu skemmtiferðaskip til Ísafjarðar alls 14 daga af 31.\*\* Um 53% svarenda könnunarinnar voru farþegar skipanna. Niðurstöður könnunarinnar taka almennt mið af svörum allra þátttakenda. Í nokkrum tilvikum eru niðurstöðurnar þó greindar sérstaklega eftir því hvort um er að ræða farþega skemmtiferðaskipa eða ekki og er þess sérstaklega getið í texta hverju sinni.


Við lok gagnaöflunar voru svarblöðin skönnuð og niðurstöður forunnar hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum erlendra gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2016.

\* United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

\*\* Ísafjarðarbær. (e.d.). Skemmtiferðaskip 2016. Sótt 20.mái 2017 af: <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/hafnir/skemmtiferdarskip/skemmtiferdaskip-2016>

# Hvert er búsetuland þitt?

Flestir þátttakenda á Ísafirði komu frá Bretlandi. Hlutfall þeirra var um 33% sem er talsvert hærra en hlutfall Breta í talningum Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli þar sem það var 4% á sama tíma. Hlutfall gesta frá Bandaríkjunum var hins vegar lægra, eða 15% á Ísafirði en 24% á landsvísu. Misræmið í hlutfalli Breta markast að stærstu leyti af háu hlutfalli þeirra sem komu með skemmtiferðaskipum á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd, en tölurnar á landsvísu gera ekki ráð fyrir skipafarþegum. Þegar farþegar skemmtiferðaskipa voru undanskildir niðurstöðunum var hlutfall gesta frá Bretlandi 7% og hlutfall gesta frá Bandaríkjunum og Þýskalandi 17%. Hlutfall gesta frá Frakklandi var 12%.\*\*




■ Ísafjörður án skemmtiferðaskipa   ■ Ísafjörður alls   ■ Ísland\*

\*Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2017.

\*\*Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta á Ísafirði sumarið 2016 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þann mánuð sem könnunin var framkvæmd á Ísafirði sumarið 2016.

## Gestakomur erlendra ferðamanna\*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar á Ísafirði sumarið 2016 má greina svipað hlutfall erlendra gesta á Ísafirði eftir búsetulöndum þegar farþegar skemmtiferðaskipa eru undanskildir. Hlutfall Þjóðverja var 21%, Bandaríkjamanna 19% og Frakka 12%. Athygli vekur aukning gesta frá Bandaríkjunum sumrin 2013-2016 úr 8% í 19% og lækkun hlutfalls Þjóðverja úr 28% í 21% samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þessi þróun er í samræmi við gestakomur á landsvísi.\*\*




\* Gestakomur erlendra ferðamanna á Ísafirði sumrin 2013-2016 (júní til ágúst).

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gistinguáða eftir sveitarfélögum 2008-2016.

# Með hverjum ferðaðist þú?

Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum (80%). Um 6% svarenda voru í hópferð og 13% ferðuðust einir. Niðurstöðurnar á landsvísu voru nokkuð svipaðar þó hlutfall þeirra sem voru á ferð með fjölskyldu og vinum væri aðeins lægra á Ísafirði en á landsvísu.




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.




## Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (60%). Í um 8% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för.




## Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Ísafjarðar?



Ferðamenn voru beðnir um að tilgreina hvar þeir hefðu dvalið nóttina áður og eftir að þeir heimsóttu Ísafjörð. Svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin niðurstöðunum. Flestir höfðu gist á Vestfjörðum nóttina áður en þeir heimsóttu Ísafjörð eða alls 47% þátttakenda. Þar af höfðu 14% gist á Ströndum, 6% á Þingeyri og 4% á Patreksfirði. Alls höfðu um 22% gist á höfuðborgarsvæðinu og 9% á Vesturlandi. Um 6% gistu á Norðurlandi vestra en færri dvöldu á öðrum stöðum. Um 13% gesta nefndu annað s.s. heimaland eða óstaðsettan gististað.

## Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Ísafirði?



Að lokinni heimsókn ætluðu flestir að gista á Vestfjörðum eða um 45% svarenda. Þar af sögðust 21% ætla að gista á Ströndum, 5% á Patreksfirði, 4% á Þingeyri og 3% á Flateyri. Um 26% ætluðu að gista á höfuðborgarsvæðinu og 11% á Vesturlandi. Alls nefndu 9% gesta annað s.s. heimaland eða gistingu á óskilgreindum stöðum.


## Dvaldir þú á Ísafirði síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Alls ætluðu um 35% gesta að dvelja yfir nótt á Ísafirði þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru meðtalin. Þegar svör þeirra voru undanskilin var hlutfallið 73%.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Gistinóttum á Ísafirði hefur fjölgað töluvert undanfarin ár. Á tímabilinu 2013-2016 fjölgaði þeim um 92% og voru þær alls 79.372 árið 2016 sem er um 1,2% af heildarfjölda gistinguátta á Íslandi það ár. Flestar voru gistinguæturnar yfir sumartímenn eða 72% frá júní til ágúst og 92% frá maí til september svo árstíðasveiflan er töluverð á svæðinu.\*\*




\*Gistinætur erlendra ferðamanna í Ísafjarðarbæ eftir mánuðum 2013-2016.

\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinguætur og gestakomur á öllum tegundum gistinguátaða eftir sveitarfélögum 2008-2016

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér á Ísafirði?

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt á Ísafirði og voru ekki farþegar skemmtiferðaskipa gistu flestir á tjaldsvæðum eða alls um 33%. Um 24% gesta dvöldu á hótélum og um 20% gesta á gistiheimilum. Alls gistu um 10% í einkagistingu og 3% á farfuglaheimili. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Önnur gisting er m.a. bifreiðar eða tjöld utan tjaldsvæðis, bændagisting og gisting hjá vinum eða ættingjum. Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum samtals um 32%. Hlutfall tjaldsvæða var 21% og einkagistingar um 18%.\*




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

\*\*Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

## Hver er megin tilgangur heimsóknar þinnar til Ísafjarðar?

Megin tilgangur heimsóknarinnar til Ísafjarðar var í langflestum tilvika frí eða alls um 91%. Það er sama hlutfall og í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli.\* Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja, vinna eða mæta á viðburð á Ísafirði voru heldur lægri en á landsvísu.




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Ísafjörður varð fyrir valinu sem áfangastaður

Flestir þátttakenda (53%) sögðu heimsókn sína til Ísafjarðar vera hluta af lengri ferð og nefndu ekki aðra ástæðu fyrir vali á áfangastaðnum. Niðurstöðurnar markast af háu hlutfalli farþega skemmtiferðaskipa meðal ferðamanna. Þegar svör þeirra voru undanskilin sögðu 19% gesta ferðina vera hluta af lengri ferð, 18% sögðust vera á ferð um Vestfirði, 17% nefndu sérstaklega náttúruna og fegurð staðarins og 10% nefndu nálægð staðarins við Hornstrandir sem megin ástæðu heimsóknar.

Meðal annarra þátta sem nefndir voru sem ástæða heimsóknar voru meðmæli, gönguferð og bátsferð. Einnig kom fram að valið hefði markast af því hversu afskekktur staðurinn var.




\*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Ísafjörð?

Ferðamenn á Ísafirði virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 71% þeirra. Um 9% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 7% sögðu heimsóknina til Ísafjarðar vera meginástæðu Íslandsferðarinnar.

Um 17% gesta sögðust einungis ætla að keyra í gegn á leið sinni annað og því væri ekki um eiginlega ákvörðun að ræða.




Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.



## Hvaðan aflaðir þú upplýsinga um Ísafjörð?

Flestir höfðu fengið upplýsingar um Ísafjörð hjá ferðaskrifstofum eða alls um 37% gesta. Um 31% öfluðu upplýsinga í gegnum vefsíður, 12% höfðu fengið upplýsingar úr bókum og ferðahandbókum og 11% hjá vinum og ættingjum. Um 32% sögðu að heimsókn til staðarins væri hluti af heildarpakka og því hefði upplýsinga ekki verið aflað sérstaklega um svæðið.


Niðurstöður á landsvísu voru nokkuð frábrugðnar. Þar höfðu flestir (85%) aflað upplýsinga um Ísland á netinu og næstflestir úr bæklingum eða handbókum (36%). Um 35% höfðu fengið upplýsingar um landið hjá vinum og ættingjum og einungis 21% hjá ferðaskrifstofum.\*



\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hvernig ferðaðist þú til Ísafjarðar?



Meirihluti gesta ferðaðist til Ísafjarðar með skemmtiferðaskipum eða alls um 53% þeirra. Um 25% komu með bílaleigubílum, 8% með flugi og 5% með einkabílum. Um 2% gesta komu til staðarins með áætlunarbifreið og um 1% með hópferðabíl. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og puttaferðalag.



## Hvert var skipulag ferðar þinnar til Ísafjarðar?

Flestir aðspurðra voru í pakkaferð eða alls um 46% þeirra. Um 43% gesta voru í ferð á eigin vegum. Hlutfallið á landsvísu var nokkuð frábrugðið þar sem 89% voru í ferð á eigin vegum og 11% í pakkaferð. Hlutfall pakkaferða á Ísafirði jókst með hækkandi aldri en 82% gesta á aldrinum 65 ára og eldri voru í pakkaferð á meðan einungis 21% gesta á aldrinum 18-24 ára voru í slíkri ferð. Um 85% gesta frá Bretlandi voru í pakkaferð og 39% gesta frá Bandaríkjunum. Hlutfallið var 37% meðal gesta frá Frakklandi og 21% meðal gesta frá Þýskalandi.


Þegar farþegar skemmtiferðaskipa voru undanskildir niðurstöðunum breyttust hlutföllin og urðu líkari niðurstöðunum á landsvísu. Alls sögðust um 80% gesta þá vera í ferð á eigin vegum og um 9% í pakkaferð.



\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

## Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Ísafirði muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta á Ísafirði var um 17,4 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 7-12 klst. eða um 28% gesta. Farþegar skemmtiferðaskipa dvöldu að meðaltali í tæpar 8 klst. á Ísafirði en þegar þeir voru undanskildir niðurstöðunum var dvalarlengdin heldur meiri eða rúmar 27 klst. Dvalartími gesta varð lengri með hækkandi aldri þegar ekki var tekið tillit til farþega skemmtiferðaskipa.



■ Ísafjörður alls  
■ Ísafjörður án skemmtiferðaskipa


# Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér á Ísafirði?

Flestir ætluðu að fara í útsýnisferð (sightseeing tour) meðan á dvöl þeirra stóð eða alls um 52% gesta. Um 49% gesta áformuðu að fara á veitinga- eða kaffihús á Ísafirði og 33% ætluðu að taka ljósmyndir. Alls sögðust 29% gesta ætla í gönguferð um svæðið. Eftir því sem aldur gesta hækkaði, lækkaði hlutfall þeirra sem ætluðu í gönguferð.

Heimsókn á kaffi- eða veitingahús var nokkuð vinsæl meðal gesta frá Þýskalandi en um 62% þeirra ætlaði að nýta sér þann þjónustupátt. Um 51% gesta frá Bandaríkjunum og 39% Breta ætluðu á kaffi- eða veitingahús meðan á dvöl þeirra stóð.


Þegar svörin voru skoðuð með og án farþega skemmtiferðaskipa var munurinn talsverður.

Útsýnisferðir, handverkshús og söfn voru vinsælli meðal farþega skemmtiferðaskipa en gönguferðir, sund, bátsferðir og veitingahús vinsælli meðal þeirra sem ferðuðust með öðrum hætti til bæjarins.



## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Ísafjarðar?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (47%) eða ánægðir (41%) með dvöl sína á Ísafirði. Um 5% aðspurðra sögðust þó hvorki vera ánægð né óánægð, 1% gesta voru óánægð og 5% mjög óánægð. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,22.\* Gestir frá Bandaríkjunum virtust ánægðari en aðrir þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,58 til samanburðar við 4,21 meðal gesta frá Bretlandi og 3,77 meðal gesta frá Þýskalandi. Meiri ánægja virtist vera meðal þeirra gesta sem fóru á kaffi- og veitingahús þar sem ánægjustig þeirra var 4,34 til samanburðar við 4,11 meðal þeirra sem fóru ekki. Lítil munur var á milli farþega skemmtiferðaskipa og annarra erlendra gesta hvað varðar ánægju með heimsóknina. Ánægjustigið mældist 4,22 að meðtöldum farþegum skemmtiferðaskipa en 4,17 án þeirra.



\*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5


## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Ísafirði eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 9.872 kr. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki afþreyingar en um 31% gesta greiddi fyrir þann þjónustubátt meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu um 35% aðspurðra gistingu, 64% veitingar, 24% menningartengda þjónustu og 34% keyptu vörur í verslunum bæjarins.

Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, bátsferðir og jeppaferðir. Til menningar teljast m.a. heimsóknir á söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna voru í flestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa.

Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin niðurstöðunum voru meðalútgjöldin talsvert hærri eða 16.079 kr. á sólarhring. Hæsti útgjaldaliðurinn var gistiþjónusta þar sem um 70% þátttakenda keyptu gistingu meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu um 80% veitingar og 36% afþreyingu. Meðalútgjöld vegna gistingar voru 5.436 kr., vegna afþreyingar 3.775 og vegna veitinga alls 2.748 kr.


Ef einungis var litið til farþega skemmtiferðaskipa voru útgjöldin 4.413 kr. Hæst voru útgjöldin í flokki afþreyingar en um fjórðungur farþega skipanna keypti afþreyingu meðan á dvöl stóð. Alls keypti um helmingur farþega veitingar á veitingahúsum sem voru annar hæsti útgjaldaliðurinn. Meðalútgjöld vegna afþreyingar voru 2.037 kr. og vegna veitinga 1.048 kr.



\*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár 2016

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Ísafirði?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra á Ísafirði höfðu 31% ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja. Um 13% svarenda gerðu athugasemdir við upplýsingagjöf og vegvísa. Þar komu m.a. fram óskir um betri vegvísa að ferðamannastöðum, lengri opnunartíma upplýsingamiðstöðvarinnar og betri upplýsingar um samgöngur á svæðinu. Um 9% gesta höfðu athugasemdir um samgöngur á svæðinu sem flestar snéru að bættum almennings samgöngum. Aðrar athugasemdir sem komu fram voru m.a. tengdar afþreyingu svæðisins, verzlun, kirkju og kvikmyndahúsum.







Farþegar skemmtiferðaskipa eru stór hluti erlendra ferðamanna á Ísafirði. Rúmur helmingur þátttakenda könnunarinnar tilheyrði þeim hópi eða um 53% svarenda. Ferðahegðun farþeganna skar sig m.a. úr að því leyti að dvalartími þeirra var styttri en annarra ferðamanna og útgjöldin lægri.

Af öllum erlendum gestum Ísafjarðar dvaldi rúmur þriðjungur yfir nótt. Þegar ekki var tekið tillit til farþega skemmtiferðaskipa var hlutfall þeirra sem gistu yfir nótt um 73% og vinsælasti gistimátinn var tjaldsvæði bæjarins.

Árstíðasveifla í ferðaðjónustu er mikil á Ísafirði. Af þeim tæplega 80 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna sem voru á staðnum árið 2016 áttu 92% sér stað á tímabilinu maí til september.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra á Ísafirði almennt vera jákvæð. Langflestir gestanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með dvölinu og voru gestir frá Bandaríkjunum heldur ánægðari en aðrir. Dvalartími gesta var um 17 klst. að meðaltali en talsvert lengri þegar svör farþega skemmtiferðaskipa voru undanskilin. Þá var hann um 27 klst.

Meðalútgjöld gesta á sólarhring voru 9.929 kr. og hæsti útgjaldaliðurinn var afþreying. Þegar farþegar skemmtiferðaskipa voru undanskildir voru meðalútgjöldin 16.079 kr. og hæsti útgjaldaliðurinn gistiþjónusta.

Þegar ekki er tekið tillit til farþega skemmtiferðaskipa voru flestir gestanna frá Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hlutföllin eru í samræmi við gestakomur Hagstofunnar á Ísafirði en á Keflavíkurflugvelli var hlutfall Bandaríkjamanna heldur hærra og hlutfall Þjóðverja lægra á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Flestir farþega skemmtiferðaskipanna komu frá Bretlandi þá daga sem könnunin var framkvæmd.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðaðjónustu á Ísafirði sumarið 2016. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaðjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.